

efni væri að ræða fyrir bæinn sem þetta, og lagði þingið því til, að frumvarpið yrði löggilt sem allrafyrst.

1874

14. febrúar.

Síðan bar dómsmálastjórnin frumvarpið upp fyrir konungi, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum; en sama dag sem frumvarpið kom út sem lagaboð, staðfesti konungur lög, sem ríkisþingið hafði samþykkt, um heimild fyrir brunabótafélag kaupstaðanna að taka Reykjavík í félagið.¹

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um yfírgang enskra fiskimanna.

19. febrúar.

Um leið og vör sendum utanríkisstjórninni útskrípt af dóma-bók Suðurmúlasýslu viðvíkjandi prófi, sem haldið hefir verið útaf brotum, sem drýgð eru gegn tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., mælumst vör til, þótt eigi sé fullkomlega sannað með fyrnefndu prófi, að það sé enskir fiskimenn, sem hafa gjört sig seka í afbrotum þessum, að utanríkisstjórnin annist um, að ensku stjórninni verði skýrt frá kærur þeim, sem fram eru komnar, og að skorað verði á hana, að brýna fyrir enskum sjómönnum að gæta þess, sem fyrir mælt er í tæðri tilskipun, með því það virðist efalaust, samkvæmt því sem vitnin hafa borið um byggingarlagið á skipunum og sniðið á seglunum o. s. frv., að enskir fiskimenn hafi hér átt hlut að máli.

¹) Lög þessi, sem að eins eru út komin á Dönsku, eru svo hljóðandi:

Lög
um

heimild fyrir hið almenna brunabótafélag kaupstaðanna til að taka hús í Reykjavíkur kaupstað í félagið.

Vör Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vör staðfest þau með samþykki Voru:

Hinu almenna brunabótafélagi kaupstaðanna veitist hærmeð heimild til að taka hús í kaupstaðnum Reykjavík á Íslandi í tæð félag.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér að hegða.